

- 72 30. des. XXIX. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.
- XXX. Að greiða 5 000 kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonuefnum vefnað.
- XXXI. Að veita Íþróttasambandi Íslands 8 000 kr. styrk til þess að hafa fastráðinn framkvæmdastjóra.
- XXXII. Að leggja til hliðar og geyma það fé á sérstökum reikningi, sem ætlað er til verklegra framkvæmda í lögum þessum, ef skortur á efnivörum eða vinnuafli gerir ókleift að vinna þær, og er óheimilt að verja því til annarra hluta.
- XXXIII. Að taka frá af tekjum ársins 1945, ef ástæður leyfa, 2 millj. kr. til stofnunar áburðarverksmiðju.
- XXXIV. Að fella niður allar ráðgerðar fyrningar á fasteignum ríkissjóðs við samningu ríkisreiknings fyrir árið 1945.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1944 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

73

30. des.

L Ö G

um veiting ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Christensen, Evald Mads Karl, lögregluþjónn í Neskaupstað, fæddur 21. maí 1905, í Danmörku.
2. Jensen-Brand, Svava Andrea, ungfrú, Reykjavík, fædd 7. marz 1920, í Kanada.
3. Jezorski, Franz, klæðskeri, Hóli í Dalasýslu, fæddur 10. júní 1905, í Þýskalandi.
4. Kristensen, Aksel, lyfjafræðingur, Reykjavík, fæddur 24. febr. 1893, í Danmörku.
5. Nielsen, Karl Johan, pípulagningamaður, Reykjavík, fæddur 28. marz 1893, í Noregi.
6. Pedersen, Johan, matsveinn, Siglufirði, fæddur 11. júní 1906, í Noregi.

7. Sen, Jón, nemi, Reykjavík, fæddur 9. febr. 1924, í Kína. 73
 8. Torgilstveit, Martin Hansen, járnsmiður, Reykjavík, fæddur 19. febr. 1905, í 30. des.
 Noregi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

74

30. des.

um breyting á lögum nr. 39 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938,
 um bændaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
 þykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera þrír skólar á landi hér, er veita
 bændafnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal einn skól-
 inn vera á Hólum í Hjaltadal, annar á Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji í Skál-
 holti í Biskupstungum.

Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

2. málsg. sérákvæða um bændaskóla Suðurlands falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

75

20. des.

um breyting á hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
 þykki mínu:

1. gr.

Framan við 1. gr. laganna komi 2 nýjar greinar, er verði 1. og 2. gr., svo hljóðandi
 (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

a. (1. gr.) Til hafnargerðar á Akureyri veitist úr ríkissjóði $\frac{1}{3}$ kostnaðar, eftir
 áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum,